

# Myndlistarráð

Fundur nr. 17/2024

Fimmtudaginn 15. febrúar, kl. 15:00  
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mætt eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

## Fundardagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
  - Fundargerð nr. 16, frá 8. janúar 2024 samþykkt.
- Myndlistarsjóður, fyrri úthlutun 2024
  - Tinna greinir frá því að framan af gekk umóknarlotan vel. Félagsmönnum SÍM bauðst einstaklings vinnustofa þann 24. janúar og eftirspurn var umfram framboði svo boðið var upp á aukavinnustofu 29. janúar. Alls komu 16 manns. Þar að auki var boðið upp á sérstaka tíma í ráðgjöf á netinu, 31. jan - 2. feb, sem alls 15 manns þáðu. Ennfremur var boðið upp á ráðgjöf í síma og tölvupósti. Næst þegar gefst færi á að bjóða ráðgjöf væri upplagt að skipuleggja stutta vinnustofu á netinu, fyrir marga í einu, sniðið að einstaklingum sem eru að sækja um í fyrsta skipti.
  - Um hádegi á umsóknardeginum harnaði hinsvegar í ári. Upp kom bilun í umsóknargáttinni og kerfið hætti að taka við umsóknum. Orgio, þjónustuaðili kerfisins, fann ekki út úr því hvað væri að. Eftir töluverðan tíma náðist að lagfæra bilunina innanhús. Til að mæta þessum röskunum var umsóknarfrestur framlengur um sólarhring, til þriðjudagsins 13. feb kl. 16:00.
  - Þegar kom að því að sækja gögnin úr kerfinu komu einnig upp erfiðleikar og tafðist það ferli. Það hafðist með góðri aðstoð nágranna. Tinna greinir frá fjölda umsókna í fyrri úthlutun myndlistarsjóðs, heildarupphæð sem sótt var um og skiptingu milli flokka. Sjá töflu. Sjóðnum bárust barst fleiri umsóknir núna en á sama tíma á síðsta ári og hefur aldrei áður borist jafn mikill fjöldi umsókna.

| F. umsókna | Flokkar                               | Samtals sótt um    | %           |
|------------|---------------------------------------|--------------------|-------------|
| 52         | Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir | 69.300.000         | 23%         |
| 47         | Undirbúningsstyrkir                   | 43.200.000         | 14%         |
| 181        | Sýningarverkefni                      | 193.500.000        | 63%         |
| <b>280</b> |                                       | <b>306.000.000</b> | <b>100%</b> |

- Myndlistarráð samþykkir að skipta fjármagni á eftirfarandi máta:
  - Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir 9.500.000 kr.
  - Undirbúningsstyrkir 5.500.000 kr.
  - Sýningarverkefni 25.000.000 kr.
- Ákveðið að tveir meðlimir myndlistarráðs muni sitja í hvorri matsnefnd.

- Anna Jóhannsdóttir og Hlynur Helgason sitja í matsnefnd fyrir sýningarverkefni.
  - Margrét Elísabet munu og Katrín Elvarsdóttir sitja í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar og aðra styrki.
- Rætt um gesti í matsnefnd. Tinna mun hafa samband við mögulega meðlimi og upplýsa myndlistarráð um niðurstöðu.
  - Ákveðið að matsnefndir muni klára yfirferð fimmtudaginn 21. mars og næsti fundur myndlistarráðs verði föstudaginn 22. mars
  - Úthlutunarahöfn 4. apríl. Hægt er að halda athöfnina í lestrarsalnum í Safnahúsinu. Rætt um fyrirkomulag á athöfninni, kostnað og mögulegar útfærslur. Tinna mun halda áfram að þróa og upplýsa myndlistarráð.
3. Íslensku myndlistarverðlaunin
- Ásdís greinir frá textavinnu dómnefndar. Rætt stuttlega um hvernig endurskoðað fyrirkomulag hefur reynst. Umfang dómnefndarstarfa hefur aukist og mætti taka tillit til þess þegar ákveða á þóknun til dómnefndarmeðlima á næsta ári.
  - Tinna greinir frá hvernig undirbúningur við athöfnina hefur þróast og hvað eigi eftir að finna lausn á. Skipulagning er vel á veg komin og stefnir í mjög skemmtilega athöfn.
  - Skipan í dómnefnd 2025. Tilnefningaraðilar hafa skilað inn tillögum. Tinna mun hafa samband við nýja dómnefnd og boða til fyrsta fundar, þriðju vikuna í mars.
4. Innsend erindi
- Bréf frá Ólöfu Nordal. Frestað til næsta fundar.
  - Rannsóknasetur skapandi greina, rannsókn á samspili innlendra og norrænna menningarsjóða. Lagt fram til kynningar
5. Önnur mál
- Engin önnur mál

Fundi slitið 17:15

Næsti fundur haldinn föstudaginn 22. febrúar 2024 kl. 15:00.